

Föstudagurinn, 11. júlí 2003

201. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 20/2003

**Kvörtun Beinnar markaðssóknar ehf. yfir  
upplýsingum á heimasíðu Fjarkennslu ehf.**

**I.**

**Erindið**

**1.**

Með bréfi Guðjóns Ægis Sigurjónssonar hdl., dags. 4. október 2002, kvartar Bein markaðssókn ehf. yfir að á heimasíðu Fjarkennslu ehf., [www.fjarkennsla.is](http://www.fjarkennsla.is), sé að finna umfjöllun um starfsemi Beinnar markaðssóknar.

Að mati Beinnar markaðssóknar er á heimasíðunni vegið með ómaklegum hætti að starfseminni og beinlínis farið með ósannindi sem greinilega sé ætlað að skaða starfsemi fyrirtækisins. Á heimasíðunni sé því haldið fram að Bein markaðssókn hafi selt talsvert magn af hugviti Fjarkennslu. Ummælin eigi ekki við rök að styðjast þar sem Bein markaðssókn selji eigið kennsluefni, byggt á eigin hugviti og sé það framleitt í samvinnu við Íslenska hugbúnaðarhúsið.

Jafnframt sé á heimasíðu Fjarkennslu gerð ósmekkleig tilraun til að tengja nafn forsvarsmanna Beinnar markaðssóknar við rekstur Íslenskrar miðlunar ehf. og gjaldþrot þess fyrirtækis án þess að séð verði að nokkur tengsl séu á milli sölu á kennsluefni og þess að forsvarsmenn Beinnar markaðssóknar hafi um hríð verið starfsmenn þess fyrirtækis.

Bein markaðssókn telur að efni og umfjöllun Fjarkennslu á heimasíðu fyrirtækisins brjóti í bága við ákvæði 20. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Jafnframt er þess krafist að samkeppnisráð beiti 30. gr. laganna og gefi aðstandendum heimasíðunnar fyrirmæli um að fjarlægja efnið og beiti sektum.

**2.**

Ummælin sem Bein markaðssókn kvartar yfir var að finna á heimasíðu Fjarkennslu undir tenglinum fréttir. Fyrirsögnin var: „*Talsvert af kvörtunun hefur borist til Fjarkennslu varðandi kennsludiska sem seldir eru í símasölu frá BM (Bein markaðssókn). Fjarkennsla ehf. ihugar skaðabótamál.*“ Síðan sagði:

„Forsagan að Fjarkennslu er sú að á haustdögum 2001 starfaði undirritaður hjá Tölvuskólanum Þekkingu, ásamt því að bjóða einstaklingum upp á einkakennslu undir nafni Fjarkennslu. Undirritaður bar upp þá hugmynd við eiganda Tölvuskólans Þekkingar að útbúa kennsluefni í margmiðlunarformi í samvinnu við skólann, en allt kennsluefnið var unnið og útbúið hjá Fjarkennslu. Hugmyndin var að afhenda þetta efni sem kennslugögn fyrir Fjarkennslu og Tölvuskólann Þekkingu. Eigandi Tölvuskólans fór síðan út í það að selja þetta kennsluefni í símasölu í samvinnu við Beina markaðssókn (BM) án samráðs við Fjarkennslu. Myndaðist þannig brestur í samstarfi Fjarkennslu og Tölvuskólans Þekkingar.

Bein markaðssókn hefur selt talsvert magn af þessu hugviti Fjarkennslu. Allt bendir til að sala hafi verið nokkuð umfangsmikil. BM sleit samstarfi við Tölvuskólann Þekkingu og hófu sjálfir framleiðslu á kennsluefninu sem þeir selja síðan í símasölu. Fjarkennsla hefur skoðað þetta efni frá BM og er það álit okkar að um sé að ræða nákvæma eftirlíkingu af hugviti Fjarkennslu og er fyrirtækið nú að leita réttar síns varðandi þetta efni. Reyndar er kennslumagnið mjög takmarkað á BM diskunum og verðið á kennsludiskunum eftir því.

Kennsludiskarnir Win, Word, Excel og Outlook frá Fjarkennslu kosta ca. 3.900 úr verslun, Photoshop kostar 5.900. Kennsludiskarnir frá BM kosta 3.900–4.900 í símasölu, kennslumagnið lítið (sennilega svo hægt sé að selja neytandanum fleiri kennsludiska).

Rétt er að benda á að forráðamenn BM eru þeir sömu og stjórnðu Íslenskri miðlun á sínum tíma, en það eru þeir ... Alþjóð veit væntanlega hver endir þeirrar starfsemi varð.

Fjarkennsla veit að kaupendur munu komast að réttari niðurstöðu þegar kaup eru fyrirhuguð á framangreindu kennsluefni. Gæði kennsluefnisins og reynsla og umgjörð þess fyrirtækis sem gefur kennsluefnið út hlýtur hér að vega þungt þegar slík ákvörðun er tekin. Fjarkennsla hræðist ekki þann samanburð, en þykir hins vegar miður að þurfa að vinna í viðskiptaumhverfi þar sem viðskiptasiðferði samkeppnisaðila er á jafn lágu plani og að framan er rakið.“

## II.

### Málsmeðferð

#### 1.

Með bréfi, dags. 16. október 2002, sendi Samkeppnisstofnun erindi Beinnar markaðssóknar Fjarkennslu til umsagnar. Svar barst með bréfi Gunnars Guðmundssonar hdl., f.h. Fjarkennslu, dags. 4. nóvember 2002. Því er mótmælt að

Fjarkennsla hafi beitt óréttmætum viðskiptaháttum. Hið rétta sé að Bein markaðssókn hafi hagnýtt sér með ótilhlýðilegum hætti vöru Fjarkennslu með eftirlíkingu.

Fjarkennsla vísar því á bug að vegið sé ómaklega að starfsemi Beinnar markaðssóknar. Engum vafa sé undirorpið að fyrirtækið sé að markaðssetja vöru sem byggir að stórum hluta á sköpun og hugverki Fjarkennslu. Hvað brigsli um ósannindi varði ætti að vísa erindi Beinnar markaðssóknar frá hafi gögn ekki fylgt erindi fyrirtækisins sem styðji fullyrðingu um ósannindi. Sannleikurinn hafi komið fram á heimasíðu Fjarkennslu. Með því að Tölvuskólinn Þekking hafi hafið sölu efnisins í samvinnu við Beina markaðssókn hafi samstarf Tölvuskólans og Fjarkennslu lokið.

Hvað varði fullyrðingar Fjarkennslu um að efni Beinnar markaðssóknar sé nákvæm eftirlíking af hugviti fyrirtækisins segir að kaupendur muni komast að rétttri niðurstöðu hugi þeir að kaupum á kennsluefninu. Gæði, reynsla og umgjörð þess fyrirtækis sem gefi kennsluefnið út hljóti að vega þungt þegar ákvörðun sé tekin. Fjarkennsla hræðist ekki þann samanburð.

Lögmaðurinn rekur að forsvarsmaður Fjarkennslu hafi farið þess á leit við lögmanninn að samið yrði lögfræðialit um rétt hans gagnvart Tölvuskólanum Þekkingu þegar forsvarsmaðurinn hafði slitið því samstarfi og vildi sjálfur halda áfram útgáfu kennsluefnis á margmiðlunardiskum. Niðurstaða þess álits var að lögmaðurinn taldi að forsvarsmaður Fjarkennslu ætti höfundarrétt að kennsluefni sem hann hafði útbúið og sett á tvo geisladiska.

Í svari lögmannsins kemur fram að ástæða þess að Fjarkennsla vildi fjalla um Beina markaðssókn á heimasíðu sinni sé fyrst og fremst sú að forsvarsmanni fyrirtækisins hafi blöskrað hvernig gamall kunningi hans, stjórnarformaður Beinnar markaðssóknar, misnotaði traust og trúnaðarupplýsingar sem hann hafi komist yfir á einkafundum. Þá sé rétt að benda á að efni birt á heimasíðu teljist á engan hátt vera sambærilegt opinberri birtingu í dagblöðum eða öðrum fjölmiðlum. Fundir með stjórnarformanni Beinnar markaðssóknar hafi verið tveir. Stjórnarformanninum hafi verið sýnd vinnuástaðan, gefnar upp allar hugmyndir og sýnd öll hugverk sem tengdust kennsludiskunum. Með þessu hafi honum verið sýnt mikið traust enda gamall kunningi. Í seinna skiptið hafi stjórnarformaðurinn reynt að komast á snoðir um hvað forsvarsmaður Fjarkennslu hygðist gera gagnvart Tölvuskólanum Þekkingu í kjölfar þess að upp úr samstarfi þeirra hafði slitnað. Stjórnarformaðurinn hafi skýrt frá því að Bein markaðssókn væri búin að vinna nýtt kennsluefni og væri það gjörólíkt efni Fjarkennslu. Nokkrum vikum síðar hefði kennsluefnið komið á markaðinn, kennsludiskur í Outlook og PowerPoint, og þurfi engan sérfræðing til að sjá að um eftirlíkingu efnis Fjarkennslu væri að ræða. Í því sambandi sé bent á uppsetningu notendaviðmóts, og sé t.d. nákvæmlega sami texti notaður, en forsvarsmaður Fjarkennslu hafi samið sitt kennsluefni sjálfur.

Þá kemur fram að það sé óumdeild staðreynd að forsvarsmenn Beinnar markaðssóknar hafi verið meira en óbreyttir starfsmenn Íslenskrar miðlunar, þeir hafi verið stjórnendur fyrirtækisins. Hvað varði orðalagið um Íslenska miðlun „*Alþjóð veit væntanlega hver endir þeirra starfsemi varð*“ standi ekki að fyrirtækið hafið orðið gjaldþrota. Ekki sé sjálfgefið að þeir sem lesi textann og viti ekki að félagið hafi orðið gjaldþrota álykti sem svo. Að lokum segir að þar sem svo mikillar viðkvæmni gæti af hálfu hinna nafngreindu einstaklinga fallist Fjarkennsla á að fjarlægja setninguna þar sem nöfn þeirra eru tilgreind af heimasíðunni.

Í upphafi svars lögmannsins, þar sem segir að Bein markaðssókn hafi hagnýtt sér vöru Fjarkennslu með eftirlíkingu, er vísað til gagna sem fylgja áttu bréfinu. Engin slík gögn fylgdu og við eftirgrennslan Samkeppnisstofnunar kom eftirfarandi fram í tölvupósti lögmannsins, sendum 20. nóvember 2002:

*„Meðfylgjandi gögn verða ekki send þar sem þau er að finna inni á síðu Fjarkennslu eins og kemur fram í bréfinu. Ef Bein markaðssókn ehf. ætlar að sanna brot verða þeir að leggja fram gögn.“*

## 2.

Svar Fjarkennslu var sent Beinni markaðssókn til umsagnar með bréfi dagsettu 22. nóvember 2002. Engin svör bárust. Samkeppnisstofnun ítrekaði málið með bréfi, dags. 6. janúar 2003, en enn bárust engin svör.

Með bréfi, dags. 22. janúar 2003, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að gagnaöflun í máli þessu væri lokið. Jafnframt var fyrirtækjunum tilkynnt að málið yrði lagt fyrir fund samkeppnisráðs til ákvörðunar.

## III.

### Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 11. júlí 2003, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ragnheiður Bragadóttir og Sigurbjörn Þorbergsson.

Í máli þessu kvartar Bein markaðssókn yfir umfjöllun um fyrirtækið sem er að finna á heimasíðu Fjarkennslu en bæði fyrirtækin selja neytendum kennslufni á margmiðlunardiskum. Bein markaðssókn telur að umfjöllunin á heimasíðu Fjarkennslu vegi með ómaklegum hætti að starfseminni og að farið sé með ósannindi sem sé ætlað að skaða starfsemi fyrirtækisins. Umfjöllunin brjóti í bága við ákvæði 20. og 21. gr. samkeppnislaga.

Í svari Fjarkennslu er öllum ásökunum Beinnar markaðssóknar mótmælt og á móti eru sett fram rök fyrir að það sé Bein markaðssókn sem brotið hafi gegn ákvæðum 20. gr. samkeppnislaga með því að hafa framleitt og selt eftirlíkingar af vörum Fjarkennslu.

Þau gögn sem lögð hafa verið fram í málinu innihalda algerlega andstæð rök og sýn á ágreiningsefni fyrirtækjanna. Kvartanda hefur verið gefinn kostur á að tjá sig frekar um málið og þrátt fyrir ítrekun hafa engin svör borist Samkeppnisstofnun.

Í 20. gr. samkeppnislaga segir að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi. Ákvæði 21. gr. laganna tekur aftur á móti til upplýsinga, rangra, villandi og ófullnægjandi, sem birtar eru, hvort heldur, í auglýsingum eða með öðrum hætti. Þá kemur í 6. gr. reglna um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda m.a. fram að í erindum sem beint er til samkeppnisyfirvalda skuli skýra málavexti eins ítarlega og kostur er og skuli þeim fylgja tiltæk sönnunargögn.

Að mati samkeppnisráðs er ekkert í gögnum málsins sem sýnir á fullnægjandi hátt fram á staðreyndir málsins svo unnt sé að meta hvort ákvæði 20. og 21. gr. samkeppnislaga komi hér til álita. Með vísan til þess að Bein markaðssetning hefur ekki kosið að tjá sig umfram það sem fram kemur í upphaflegri kvörtun og hvorki kvartandi né Fjarkennsla hafa lagt fram gögn máli sínu til stuðnings, sbr. 6. gr. reglna um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda, er það mat samkeppnisráðs að aðilar verði að bera hallann af vanreifun málsins. Samkeppnisráð telur því ekki tilefni til frekari afskipta af máli þessu.

#### IV.

#### Ákvörðunarorð:

**„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu samkeppnisráðs í máli þessu.“**